

Efni : Þjónusta við eldri borgara á Bíldudal

Ágæta Heimastjórn/Bæjarstjórn

Ástæða þessa erindis er að óska eftir betri þjónustu við eldri borgara á Bíldudal

1. Aðstaða fyrir starfsemi Selsins er mjög skert og lítið annað við að vera nema spjall og kaffi. Þ.e engin aðstaða fyrir t.d. föndur eða skapandi vinnu
2. Selinu okkar var bara lokað um miðjan maí án samráðs við okkur . Engin starfsemi er enn byrjuð þar í haust.
3. Ekki er boðið upp á hreyfingu fyrir eldri borgara og beiðni okkar um skjávarpa og tjald í Byltu hefut verið hundsud
4. Engin heimilisþjónusta hefur verið hér í langan tíma og er það auðvitað mjög bagalegt.
5. Mikill aðstöðu- og þjónustumunur er milli þorpa í Vesturbyggð og ekkert réttlætir það

Við óskum eftir:

- Betri og meiri aðstöðu fyrir tómsundastarf eldri borgara á Bíldudal
- Tækjabúnað í Byltu fyrir fjarkennslu
- Skipulagða hreyfingu fyrir eldri borgara
- Fulla heimaþjónustu

Með vinsemd og virðingu

Nanna Sjöfn Pétursdóttir eldri borgari á Bíldudal